



Forvarnarstefna Badmintonfélags Hafnarfjarðar

Forvarnagildi íþróttta

Íþróttahreyfingin gegnir mikilvægu hlutverki í vímuvörnum. Rannsóknir á högum barna og ungmenna sýna að þau ungmenni sem eru virk í íþróttastarfi reiðir betur af og neyta síður vímuefna en þau sem ekki taka þátt. Einnig sýna rannsóknir að neysla tóbaks og annarra vímuefna hefur neikvæð áhrif á árangur í íþróttum. Félagið vill efla enn frekar vímuvarnagildi íþróttta með því að taka skýra afstöðu gegn neyslu í tengslum við íþróttir. Í þessari stefnuýfirlýsingu er talað um vímuefnaneyslu og er þá átt við neyslu tóbaks, áfengis og annarra vímuefna.

Neysla tóbaks og vímuefna

Félagið er andvíggt neyslu tóbaks og vímuefna allra iðkenda og annarra félagsmanna sem koma að íþróttastarfi á vegum félagsins. Öll neysla tóbaks og vímuefna er bönnuð í tengslum við æfingar og keppni á vegum félagsins og er Íþróttahúsið við Strandgötu reyklaust svæði.

Viðbrögð félagsins og áætlun um hvert skal leita

Félagið mun bregðast sérstaklega við allri neyslu iðkenda undir 18 ára aldri og foreldrar verða upplýstir um slíka neyslu. Þegar um sjálfráða einstaklinga er að ræða (eldri en 18) mun félagið bregðast við neyslu þeirra á vímuefnum og tóbaki ef reglur félagsins eru brotnar og við neyslu sem hefur áhrif á ástundun, frammistöðu og ímynd félagsins.

Viðbrögð við brotum á reglum þessum eiga að vera í formi tilmæla og ábendinga. Skili slík viðbrögð ekki árangri getur komið til tímabundins banns frá æfingum og/eða keppni. Viðbrögð munu samt ávallt mótast af vilja til að aðstoða iðkandann við að laga sig að reglum þannig að hann haldi áfram að starfa innan íþróttahreyfingarinnar.

Þjálfarar skulu vinna eftir forvarnarstefnu félagsins og bregðast við vímuefnaneyslu iðkenda á viðeigandi hátt.

Samstarf við foreldra

Félagið mun upplýsa foreldra um stefnu félagsins í vímuvörnum ásamt viðbragðsáætlun. Félagið mun standa að góðu samstarfi við foreldra iðkenda með fræðslu um neikvæð áhrif áfengis og annarra vímuefna á árangur í íþróttum.

Samstarf við aðra aðila sem sinna málefnum barna og unglunga

Félagið mun hafa samstarf við þá aðila sem sinna starfi barna og unglunga í þeirra hverfi ef þurfa þykir. Félagið mun einnig hafa samstarf við fagaðila og ÍSÍ, fá frá þeim fræðsluefni og miðla til iðkenda og foreldra.